

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 278/1997 um sveinspróf.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. orðast svo:

Heimilt er að taka til verklegs sveinsprófs án réttar til inngöngu í meistaraskóla iðnema, sem á við sértæka námsörðugleika að stríða þannig að hann telst ekki fær um að ljúka burtfararprófi úr skóla og menntamálaráðherra hefur heimilað próftöku.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. orðast svo:

Sá sem hefur heimild menntamálaráðherra, sbr. 2. mgr. 3. gr. til að þreyta verklegt sveinspróf eingöngu skal leggja fram bréf ráðuneytisins þar að lútandi.

3. gr.

Á eftir 13. gr. kemur ný grein, 14. gr., svohljóðandi:

Menntamálaráðherra getur viðurkennt iðnmenntun sem aflað er erlendis gegn framvísun prófvottorðs án þess að viðkomandi gangi undir sveinspróf, enda séu kröfur til námsins sambærilegar við þær sem gerðar eru til viðkomandi starfsnáms hér á landi. Gengið skal úr skugga um slíkt með samanburði við íslenska námskrá í viðkomandi iðngrein.

Einnig er heimilt að leyfa einstaklingi með starfsmenntapróf erlendis frá að sanna kunnáttu sína með sveinsprófi ef erfitt reynist að fá fram nægilega örugg gögn.

4. gr.

14. gr. verður 15. gr.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi

Menntamálaráðuneytinu, 20. október 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.